

Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar haldinn fimmtudaginn 13. desember 2001, kl. 12:15 í fundarherbergi Norræna hússins.

Mætt voru: Vilhjálmur Árnason, Björn Björnsson, Irma Sjöfn Óskarsdóttir, Ástríður Stefánsdóttir og Salvör Nordal.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt.
2. Lög fram drög að dagskrá fyrir árið 2002 og yfirlit yfir verkefni sem eru á döfinni hjá stofnuninni á næstu misserum.
3. *Ýmis samstarfsverkefni:*
 1. Bókin *Siðfræði frá sjónarhóli guðfræði og heimspeki* sem gefin er út vegum Skálholtsútgáfunnar og Siðfræðistofnunar er komin út og var kynnt fundarmönnum.
 2. Siðfræðistofnun stóð fyrir málstofu á Hugvísindapingi 3. nóvember s.l. sem fjallaði um vísindi, siðfræði og gagnrýna hugsun. Jón Ólafsson, Garðar Á. Árnason, og Róbert H. Haraldsson fluttu erindi en andmælendur voru þeir Ólafur Páll Jónsson, Páll Skúlason og Vilhjálmur Árnason.
 3. Á haustmánuðum hefur Siðfræðistofnun verið í samstarfi við Ævar Kjartansson á Rás 1 og hefur m.a. verið útvarpað frá málþingi um þróunarhjálp í september (haldið í tilefni íslensks dagsverks) og fundi í Borgarleikhúsinu um Fjandmann fólksins.
 4. Ákveðið hefur verið að halda Skálholtsfund um samþykki í rannsóknum, 22. – 23. mars n.k.
 5. Borgarleikhúsið hefur lýst yfir ánægju með samstarfið í haust og hefur óskað eftir áframhaldandi samstarfi. Á haustmisseri hefur stofnunin skipulagt eftirfarandi fundi:
 2. október fundur um Yfirlýsingar evrópsku framúrstefnunnar í tilefni af útkomu bókarinnar hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi.
 6. nóvember: Málþing um Fjandmann fólksins eftir Ibsen. Frummælendur voru þau Soffía Auður Birgisdóttir Róbert H. Haraldsson og Ragnar Aðalsteinsson.
 4. desember var fyrirhugaður fyrirlestur Bryndísar Valsdóttur um klónun en hann féll niður og frestast fram yfir áramót.
 6. Búið er að opna heimasíðu Siðfræðistofnunar.
 7. Skýrt frá ósk Verkjafræðafélags Íslands um samstarf við Háskólann um sérstaka verkjaviku á næsta ári. Rektor vísaði erindinu til Siðfræðistofnunar og er stefnt að því að halda vikuna 28. janúar – 2. febrúar.
4. *Umsóknir og styrkir:*
 - 1) Styrkur fékkst frá Norfa fyrir árið 2002 að upphæð 260 þúsund norskar krónur fyrir norrænt net um siðfræði og lífvísindi. Samstarfsaðilar eru nánast

þeir sömu og í ELSAGEN verkefninu og gerir þessum hópi kleift að auka hlut námsmanna og annarra sem að verkefninu vilja koma með sérstökum málstofum og námskeiðum.

2) Siðfræðistofnun sótti um til Kristnihátíðarsjóðs um fjögur verkefni: a. Siðareglur starfsstétta, sem er framhald rannsóknar sem Sigurður Kristinsson vann fyrir Siðfræðistofnun fyrir um tíu árum. b. Vefsetur í siðfræði og heimspeki (með Hugvísindastofnun) til að vinna efni fyrir netið til kennslu í siðfræði og heimspeki á grunn- og framhaldsskólastigi. c. Siðferði, náttúra og menning, framhald af rannsóknum á sviði náttúrusiðfræði; d. Siðfræði og samtími, fyrirlestraröð um helstu siðfræðivandamál samtímans. d. Siðanefndir starfsstétta, úttekt á starfsemi siðanefnda á Íslandi. Kristnihátíðarsjóður veitti styrk til tveggja síðastnefndu verkefnanna, hvort verkefnið um sig fékk 1.2 milljónir.

3. Viðskiptafræðistofnun óskaði eftir samstarfi við Siðfræðistofnun um umsókn í Umsókn í Nordisk Industriefond. Var send umsókn á haustmánuðum.

4. Lagt fram svar Heilbrigðisráðuneytisins við beiðni Siðfræðistofnunar um að ráðuneytið styrkti alþjóðlega ráðstefnu um gagnagrunna á heilbrigðissviði árið 2004, í tengslum við ELSAGEN verkefnið. Ráðuneytið hafnaði beiðninni að sinni, en lýsir því yfir að það sé tilbúið að meta málið að nýju á næsta ári verði umsóknin endurnýjuð.

5. Starfstengd siðfræði. Alls sóttu 11 um námið í Starfstengda siðfræði sem hefst á vorönn. Námsnefnd fór yfir umsóknirnar, en í námsnefnd eiga sæti þeir: Björn Björnsson, Mikael M. Karlsson og Vilhjálmur Árnason, og voru allar umsóknir samþykktar.
6. Lögð fram tillaga að reglum um Landsiðaráð.
7. Lögð fram tillaga um stjórnunar- og aðstöðugjöld frá Háskóla Íslands.
8. Fjármál. Lagt fram fjárhagsyfirlit Siðfræðistofnunar þar sem kemur fram að halli stofnunarinnar er tæpar fjórar milljónir. Þá eru ókomnar síðustu greiðslur frá Háskólanum sem gætu bætt stöðuna eitthvað.
9. Fundi slitið kl. 13:50.

S.N.